

Borgarstjórn Reykjavíkur
21. nóvember 2023

Greinargerð borgarfulltrúa Flokks fólksins með umræðu um kostnað Reykjavíkurborgar við ráðgjafarkaup

Tugir milljóna fara ár hvert í verk- og ráðgjafarkaup frá innlendum og erlendum ráðgjafarfyrirtækjum. Þetta er alvarlegt í ljósi bágrar efnahagsstöðu borgarinnar. Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur lagt til að dregið verði af afli úr aðkeyptri verkefnavinnu og ráðgjöf til borgarinnar og sé sú leið einungis farin liggja fyrir skýr og haldbær rök. Skoða má að nýta þess í stað mannauð borgarinnar betur. Reykjavíkurborg er stærsti vinnustaður landsins og hefur á að skipa fjölda sérfræðinga sem ráðnir eru einmitt vegna sinnar sérfræðimenntunar, sérþekkingar og reynslu.

Í gegnum árin hefur fulltrúi Flokks fólksins vakið máls á þessu með ýmsum hætti, svosem með bókunum og tillögum. Bent hefur verið á þá gríðarlegu fjármuni sem fara ekki einvörðungu í ráðgjöf heldur einnig alls kyns verkefni. Ráðnir hafa verið hámenntaðir verkfræðingar, verktakar, til þess að annast verkefni, ekki aðeins stór og flókin, heldur smá verkefni, sum jafnvel einföld. Stórar upphæðir fara jafnframt í áskriftir og ráðgjafarkaup m.a. hjá erlendum ráðgjafarfyrirtækjum. Skoða mætti að draga úr slíku nú þegar illa árar í borgarfjármálunum. Allir hljóta að sjá að velta þarf við hverri krónu ef borgin á að geta siglt út úr þeim ógöngum sem hún er nú í.